

Sp. 36. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um birtingu skýrslu hinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þýða og prenta á íslenzku skýrslu hinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið og selja hana síðan með sambærilegu verði við Alþingistiðindin.

Greinargerð.

Hinn 23. október eru liðin tvö ár frá upphafi byltingarinnar í Ungverjalandi. Þeir atburðir, sem þá gerðust, mega ekki falla úr minni manna.

Sameinuðu þjóðirnar megnuðu ekki að forða Ungverjum undan kúgun. Ungverjaland liggur þar á heimskringlunni, að viðbúið er, að heimsstyrjöld hljótist af, ef reynt yrði að láta Ungverja njóta laga og réttar. Sameinuðu þjóðirnar treystu sér þess vegna ekki til að veita Ungverjum sanningsbundna vernd. Í stað þess efndu þær til skýrslugerðar um málið. Sú ráðstöfun var ungersku þjóðinni að vísu lítil raunabót, en til þess löguð að verða öðrum til lærdóms. Sjálf skýrslugerðin tókst með afbrigðum vel og vakti mikla athygli um allan hinn frjálsa heim, þegar skýrslan var gefin út í fyrra.

Á síðasta þingi var flutt tillaga um þýðingu skýrslunnar og prentun hennar á íslenzku. Tillagan fékkst þá ekki afgreidd. Vonandi hefur það verið af vangæzlu, en ekki vegna þess, að alþingismenn vilji ekki eiga hlut að því, að Íslendingum gefist færi á að kynna sér hina gagnmerku skýrslu. Þykir því rétt að flytja tillöguna að nýju og visa um frekari rökstuðning fyrir henni til greinargerðar hennar í fyrra. Hún hljóðaði svo:

„Skýrsla hinnar sérstöku nefndar Sameinuðu þjóðanna um Ungverjalandsmálið er viðurkennd óyggjandi sönnunargagn um þá hörmulegu atburði, er hún fjallar um. En þeir eru þess eðlis, að öllum ber skylda til að kynna sér þá eftir föngum, bæði vegna hinnar hugprúðu ungersku þjóðar, sem þola varð ógnirnar, sem í skýrslunni segir frá, og lærdóma þeirra, sem af atburðum þessum verða dregnir og alla varða.

Í skýrslunni kemur t. d. glögglega fram, hvernig fer, þegar ríkisstjórnin reynir að dylja nikilsverðar staðreyndir og leggur lygafjötur á þjóðina, svo og þegar verkalýðsfélögunum er breytt úr því að vera tæki almennings til að fá betri lífskjör í handbenci ríkisstjórnarinnar til að eyða kröfum verkalýðsins og beita hann kúgun. Þá er þar og að finna dæmi þess, hvernig sumir valdhafar vilja láta umrita söguna sjálfum sér til hags, og þess uppáhaldsbragðs kommúnista og sumra samstarfsmanna þeirra að ásaka aðra einmitt um það, sem þeir sjálfir iðka.

Vonandi er meiri hluti alþingismanna sammála um, að Íslendingum sé hollt að kynnast þessari stórmerku skýrslu, og samþykkir því þessa tillögu.“